

Kafli 2 - Smáþjóð í hörðum heimi (bls. 47)



Ísland

Á árum síðari heimsstyrjaldarinnar (1939-1945) voru lífsskjör á Íslandi að batna. Flestir höfðu atvinnu, t.d. við ýmis störf fyrir bandaríska herinn sem þá var á landinu. Þegar stríðinu lauk og herinn fór, minnkaði atvinnan svo aftur.

Íslendingar vildu reyna að tryggja að öllum liði vel, jafnvel þó að þeir ættu ekki mikla peninga eða hefðu ekki vinnu. Þess vegna voru byggð sjúkrahús og skólar. Þegar þjóðir reyna að tryggja að allir hafi það gott, er talað um **velferðarkerfi**.


Velferðarkerfi: Þegar opinberir aðilar (ríki eða sveitarfélög) sjá um að allir íbúar fái nauðsynlega þjónustu til að geta lifað nokkuð góðu lífi. Mikilvægir þættir þess eru **heilbrigðiskerfi** – **skólakerfi** og **almannatryggingakerfi**.

Fyrsti hluti velferðarkerfis á Íslandi var **heilbrigðiskerfið**. Árið 1760 varð til starf eins **landlæknis** á Íslandi. Hann hafði aðsetur í **Nesstofu** á Seltjarnarnesi sem er eitt af elstu steinhúsum á Íslandi og var byggt árið 1761. Þar seldi landlæknir lyf og þar starfaði líka ljósmóðir. Á 19. og 20. öld fjölgaði svo læknum og sjúkrahúsum mikið og dreifðust um allt land.



Næsti hluti velferðarkerfisins var **skólakerfið**. Það var miklu seinna en heilbrigðiskerfið en árið 1907 voru sett lög um að barnafræðsla ætti að vera ókeypis. Fram yfir síðari heimsstyrjöldina (1945) voru mjög fáir sem fóru í framhaldsskóla. Þá voru líka bara tveir menntaskólar á landinu; Menntaskólinn í Reykjavík og Menntaskólinn á Akureyri. Um 1950 luku

1/3 hluti ungmenna á aldrinum 16-19 ára framhaldsskólaprófi. Þá fóru flestir i iðnnám (lærðu að vera trésmiðir, járnsmiðir, múrarar, bifvélavirkjar, o.fl.). Á þessum árum fóru margar stelpur líka í húsmæðraskóla.



Árið 1974 var það sett í lög að skólaskylda væri til 16 ára aldurs. Þá fóru líka að koma fleiri framhaldsskólar, t.d. fjölbrautarskólar (Fjölbrautarskólinn í Breiðholti og Verkmenntaskólinn á Akureyri o.fl.). Núna eru flestir krakkar í skóla fram til tvítugs (um 20 ára).

Þriðji hluti velferðarkerfisins er **almannatryggingakerfið** en lög um það voru sett ári eftir að heimsstyrjöldinni lauk, eða árið 1946.

Almannatryggingarnar skiptust í marga flokka, t.d.

- Elli – og örorkubætur
- Sjúkrabætur
- Slysatryggingar
- Fæðingarstyrk og barnalífeyri
- Fjölskyldubætur til fjölskyldna sem áttu mjög mörg börn
- Ekkjubætur – þegar konur misstu mennina sína

Þegar þessi nýju lög tóku gildi áttu allir rétt á bótum, án tillits til stöðu eða efnahags. Bæturnar urðu líka miklu hærri en þær höfðu verið áður.

Atvinnuleysisbætur

Eftir stríðið jókst atvinnuleysi og þá voru margir í miklum vanda ef því að þá fengu þeir engin laun. Eftir langt verkfall verkamanna árið 1955 var ákveðið að ríkisstjórn legði fram peninga til að stofna atvinnuleysistryggingasjóð. Síðan þá hafa þeir sem eru atvinnulausir getað fengið borgað úr sjóðnum.



Skömmunartímabil og neyklusamfélag

Eftir stíð og fram undir 1960 áttu

Íslendingar mjög lítið af gjaldeyri til að kaupa vörur frá útlöndum og flytja inn. Þess vegna varð að spara og fólk mátti ekki kaupa eins mikið og það vildi af útlendum vörum. Þá fengu fjölskyldur **skömmunarseðla** og urðu að skila þeim þegar komið var í búðina til að versla innfluttar vörur (t.d. kaffi, föt, skó o.fl.). Um 1960 fór ástandið að batna og þá þurfti fólk ekki lengur skömmunarseðla í búðunum.

Á árunum í kringum 1950 – 1960 átti fólk ekki peninga til að kaupa mikið af dýrum vörum. Árið 1945 voru t.d. um 5000 bílar í landinu – helmingurinn vörubílar og helmingurinn fólksbílar.




Bílaeign Íslendinga		
1945	1981	2004
5.000 bílar	100.000 bílar	200.000 bílar

Miklar þjóðfélagsbreytingar hafa orðið á Íslandi eins og í öðrum löndum Evrópu á síðari hluta 20. aldar. Á síðustu áratugum hafa margir ferðast til útlanda, byggt sér hús og keypt bíla. Í dag er talað um **neyklusamfélag** á Íslandi þar sem mikið úrval er af innfluttum og innlendum vörum sem almenningur kaupir og notar í ríkum mæli.

Að læra og skilja – ekki bara muna !

(Form Frayers)



(Heimild: Wilfong, L. 2013, bls. 19. HH)

Jafnrétti

Einsleitt þjóðfélag

Einsleitni er það að einstaklingar í hópi eða samfélagi séu líkir hver öðrum, hafi sömu einkenni en skiptist ekki upp í hópa með ólík einkenni (t.d. eftir litarhætti, trúarbrögðum eða tungumáli).

Í velferðarþjóðfélagi á fólk að búa við jafnrétti. Á Íslandi var þjóðfélagið lengst af mjög einsleitt. Lítið var um að erlent fólk flytti hingað til lands. Nánast allir voru af sama litarhætti, töluðu sama tungumál og töldu sig til sömu þjóðar.

Samt var ekki jafnrétti á Íslandi og sérstaklega var munur á stöðu karla og kvenna. Stákar fóru frekar í háskólanám en stelpur og karlar höfðu oft meiri laun en konur. Um 1960 höfðu verkakonur ekki nema um 80% af launum karla.

Um 1970 gerði ungt fólk víða í Evrópu uppreisn og barðist fyrir jafnrétti og réttlátari heimi. Þá var t.d. lögð áhersla á að bæta stöðu kvenna. Á Íslandi stofnuðu ungar konur – og nokkrir karlar líka –



Rauðsokkahreyfinguna árið 1970 og kröfðust jafnréttis karla og kvenna.

Almennt verkfall kvenna (kallað kvennafrídagur) var skipulagt 24. október 1975. Þá lögðu flestar konur niður vinnu, mættu ekki í skóla og unnu ekki heimilisstörf.

Nokkru seinna var líka stofnaður stjórnámálflokkur –

Kvennalistinn – sem hafði það hlutverk að fjölga konum á Alþingi en aðeins konur voru á framboðslista flokksins.

Mesta framfaraspor kvenna er fjölgun stúlkna í framhaldsskólum og háskólanámi.


Hugtakakort



Fólk eða hlutir	Tengd eða skyld orð	Mynd
Samheiti	Orð eða hugtak Jafnrétti	Andheiti
Setning úr textanum	Setningin mín	

Að læra og skilja – ekki bara muna !

(Form Frayers)



(Heimild: Wilfong, L. 2013, bls. 19. HH)

Klippið í sundur og raðið hverri setningu rétt saman aftur

(Festir þekkingu í minni og þjálfar rétta uppbyggingu setninga)

1	1	1	1	1	1
Rauðsokka- hreyfingin	vildi	hafa	jafnrétti	milli	karla
1	1	2	2	2	2
og	kvenna.	Kvenna- frídagurinn	var	24. október	1975.
3	3	3	3	3	3
Markmið	Kvennalistans	var	að	fjölga	konum
3	3	4	4	4	4
á	Alþingi.	Íslenskt	sjónvarp	hóf	útsendingar
4	4	5	5	5	5
árið	1966.				


Stjórnmalaflokkar á Íslandi

Stjórnmalaflokkar verða til vegna þess að þeir sem eru skráðir í flokkinn vilja berjast fyrir ákveðinni stefnu eða hugmyndum um hvernig best sé að stjórna landinu.

Stjórnmalaflokkum er raðað í röð frá vinstri til hægri, kommúnistum lengst til vinstri og íhaldsmönnum lengst til hægri. Oft er rauður litur talinn tákn vinstrianna og blár litur talinn tákn hægri manna.

Á Íslandi voru mjög lengi fjórir stjórnmalaflokkar. Á síðustu öld (20. öldinni) gat fólk kosið þessa fjóra flokka:

- Alþýðubandalag
- Alþýðufokk
- Framsóknarflokk
- Sjálfstæðisflokk



Nú hefur stjórnmalaflokkum fjölgað mikið og margir litlir flokkar bæst við. Enn er þó talað um gömlu flokana fjóra en þeir heita nú:

- Vinstri grænir
- Samfylking
- Framsóknarflokkur
- Sjálfstæðisflokkur

Meðal nýrri stjórn málaflókka má nefna **Bjarta framtíð** og **Pírata** sem báðir eiga menn á þingi í dag (2013).

Sjónvarpið (bls. 56)

Í Evrópu fór sjónvarp að breiðast út eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar. Á Íslandi rak Bandaríkjaher fyrstu sjónvarpsstöðina á Keflavíkurflugvelli. Árið 1963 var stöðin þeirra orðin svo stór að sendingar náðust um allt suðvestanvert landið. Þá fengu margir sér sjónvarp.



Á hvaða tungumáli heldur þú að sjónvarps - útsendingar hafi verið þá?

Margir Íslendingar voru ekki ánægðir með að horfa á sjónvarpsefni sem var allt á ensku og sumir vildu láta loka fyrir „Kanasjónvarpið“.

Árið 1966 var stofnað íslenskt sjónvarp og útsendingar hafnar. Fyrst var bara sjónvarp tvö kvöld í viku en fljótlega voru sjónvarps-útsendingar 6 kvöld í viku (ekki á fimmtudögum) í 11 mánuði á ári (ekki í júlí – þá var sumarfrí). Árið 1986 byrjaði sjónvarpið að senda út öll kvöld vikunnar og þá byrjaði líka ný íslensk sjónvarpsstöð – **Stöð tvö**.

Hippar



„Hippar“ voru ungt fólk sem vildi njóta lífsins, vinna að friði og á móti ranglæti í heiminum. Þeir voru á móti neytlusamfélaginu. Þeir klæddust oft litskrúðugum fötum og voru með sítt hár og skreyttu sig með



blómum. Hippar voru flestir á árunum frá 1965-1975.

Ísland og umheimurinn (bls. 58)

Eftir að stríðinu lauk fóru bæði breski og bandaríski herinn í burtu. Margir voru mjög fegnir, því að Íslendingar vildu vera sjálfstæð þjóð. Samt höfðu margir grætt á því að hafa útlenda heri í landinu. Síðustu hermennirnir fóru árið 1947.

Nú var kalda stríðið að byrja á milli Bandaríkjamanna og Sovétríkjanna. Bandaríkjamenn vildu fá að hafa herinn sinn áfram á Íslandi en því var neitað. Samt endaði með því að Bandaríkjamenn fengu að hafa herstöð við Keflavíkurflugvöll og fyrstu hermennirnir komu hingað til lands árið 1951 og þeir áttu að sjá um varnir landsins. Bandaríkjaher var hér á landi í 55 ár eða alveg til ársins 2006. Þá ákváðu þeir sjálfir að fara með allan her sinn og flugvélar frá Íslandi. Þá höfðu Sovétríkin líka liðast í sundur og Bandaríkin voru ekki lengur hrædd um að þau reyndu að útbreiða kommúnisma á Vesturlöndum.

Margir Íslendingar voru alltaf á móti því að hafa hér bandarískan her og oft var farið í mótmælagöngur, þar sem allir gengu frá Keflavík til Reykjavíkur og þá var oft hrópað „Ísland úr NATO – herinn burt“. Það var svolítið mismunandi eftir stjórnmaflokki hvort fólk var alveg á móti bandaríska hernum eða ekki. Þeir sem voru í Sjálfstæðisflokknum voru flestir sammála því að hafa herinn en þeir sem voru í Alþýðubandalaginu voru alltaf á móti hernum. Skiptar skoðanir voru oft í Alþýðuflokknum og Framsóknarflokknum.

NATO – hvað er það?

NATO er hernaðarbandalag sem Bandaríkin buðu Evrópuþjóðum að vera með í, til þess að passa að Sovétríkin breiddust ekki meira út eða legðu undir sig




lönd í Evrópu. Mjög margir Íslendingar vildu að Ísland væri **hlutlaust** land og voru mikið á móti því að vera í hernaðarbandalagi. Þeir sem vildu ekki hafa bandaríska herinn á landinu, vildu ekki heldur vera í NATO og þess vegna voru orðin „Ísland úr NATO – herinn burt“ mjög þekkt á Íslandi.

Eftir að kalda stríðinu lauk hefur NATO breyst mjög mikið og nú eru líka mörg ríki Austur-Evrópu, sem kommúnistar réðu áður, komin í NATO. Nú eru þjóðirnar ekki lengur hræddar við Sovétríkin, heldur við **hryðjuverkastarfsemi** og hryðjuverkasamtök.

Landhelgi Íslands (bls. 64)

Í margar aldir hafa aðrar þjóðir komið og veitt fisk í sjónum (fiskimiðunum) í kringum Ísland. Á árum heimsstyrjaldarinnar voru nær engir útlendingar á miðunum í kringum landið en þegar stríðinu lauk, fóru þeir að koma aftur. Þegar þjóðirnar eignuðust stærri og betri skip gátu þær líka veitt meira og þá var meiri hættu á **ofveiði**. Þess vegna ákváðu Íslendingar að stækka landhelgina sína, til þess að geta stjórnað því hvað mátti veiða mikinn fisk. Allar þjóðirnar sem höfðu sent skipin sín á Íslandsmið til að veiða voru mikið á móti stækkun landhelginnar. Sérstaklega voru Bretar á móti henni en þeir áttu mörg skip á miðunum. Þeir sendu herskip á miðin til þess að vernda togarana fyrir



1950-52:	4 mílur
1958:	12 mílur
1972:	50 mílur
1975:	200 mílur

1 sjómíla er u.þ.b. 1,8 kílómetrar

Íslenskum varðskipum. Varðskipin reyndu að klippa veiðarfærin aftan úr skipunum ef þau voru að veiða innan landhelginnar. Þessi stríð á milli Breta og Íslendinga á sjónum eru kölluð **þorskastríð**. Nú eru allir sammála um yfirráðarétt Íslendinga yfir landhelginni.

Stóriðja (bls. 66)



Íslendingar sáu að það var ekki alltaf hægt að treysta á að veiða meiri fisk til að auka atvinnu og útflutnings-verðmæti. Þess vegna var ákveðið að virkja stórar ár og selja raforku til stóriðju.

Fyrsta stóra áin sem var virkjuð var Þjórsá og þá var Búrfellsvirkjun reist. Samið var við stórt, svissneskt álframleiðslu-fyrirtæki, um að kaupa raforku og reisa álverksmiðju í Straumsvík, rétt sunnan við Hafnarfjörð.



Íslendingar hafa aldrei verið sammála um hvort það sé gott eða slæmt að hafa stóriðju á Íslandi. Þeir sem eru á móti stóriðju segja:

- Það er ekki gott að hafa atvinnufyrirtækin í eigu útlendinga
- Við seljum raforku til útlendinga allt of ódýrt
- Það er ekki gott að hafa stóriðju ef við viljum hugsa um náttúruvernd

Oft hafa verið mótmæli gegn stóriðju, t.d. gegn byggingu Kárahnjúka-virkjunar en við byggingu hennar var miklu landi sökkt undir vatn. Frá Kárahnjúkavirkjun fær álbræðsla í Reyðarfirði raforku.

Upprifjun

Hugtak	Ég skil hugtakið	Sannaðu það!	Ég hef séð orðið eða heyrt það áður	Hef enga hugmynd
Velferðarkerfi				
Neyslusamfélag				
Jafnrétti				
Hippi				
Landhelgi				
Stóriðja				

